

**Nd.**

**28. Frumvarp til laga**

**[28. mál]**

um stofnun prófessorsembættis í læknadeild Háskóla Íslands og starfrækslu rannsóknarstofu í líffæra- og lífeðlisfræði.

(Lagt fyrir Alþingi á 74. löggjafarþingi, 1954.)

**1. gr.**

Stofna skal nýtt prófessorsembætti í læknadeild Háskóla Íslands, er veitist í fyrsta sinn frá 15. september 1956 að telja.

Um prófessor þennan gilda að öllu sömu reglur og um prófessora þá, sem fyrir eru við háskólann.

**2. gr.**

Við Háskóla Íslands skal starfrækja rannsóknarstofu, er vinni að rannsóknum í líffæra- og lífeðlisfræði og öðrum skyldum verkefnum. Stofnun þessi nefnist Rannsóknarstofa háskólans í líffæra- og lífeðlisfræði, og skal hún lúta læknadeild háskólans.

**3. gr.**

Forstöðumaður rannsóknarstofunnar skal vera sá prófessorinn í líffæra- eða í lífeðlis- og lífefnafræði, sem lengri starfsaldur hefur að baki sem kennari við læknadeild Háskóla Íslands. Launakjör hans verði þau sömu og þeirra prófessora, sem jafnframt eru yfirlæknar Landsspítalans. Laun hins prófessorsins, sem starfar við rannsóknarstofuna, eru hálf önnur prófessorslaun.

Við rannsóknarstofuna starfar sérmenntaður aðstoðarmaður, auk forstöðumanns og prófessors. Skal hann skipaður af menntamálaráðherra, að fengnum tillögum læknadeildar og forstöðumanns rannsóknarstofunnar. Aðstoðarmaðurinn tekur laun eftir 6. flokki launalaga. Forstöðumaðurinn ræður annað starfsfólk að fengnu samþykki menntamálaráðherra. Laun þess eru ákveðin af forstöðumanni, að fengnu samþykki fjármálaráðuneytisins.

**4. gr.**

Menntamálaráðherra setur, að fengnum tillögum læknadeildar háskólans, reglugerð um starfsemi rannsóknarstofunnar.

**5. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**A t h u g a s e m d i r v i ð l a g a f r u m v a r p þ e t t a .**

Á tveimur undanfarandi þingum hefur að tilhlutan þáverandi menntamálaráðherra verið flutt frumvarp til laga um stofnun prófessorsembættis í læknadeild Háskóla Íslands í lífeðlis- og lífefnafræði, en sem eigi náði fram að ganga.

Nú hefur þótt rétt að taka frumvarpið upp af nýju í nokkru viðtækara formi og að leggja til við Alþingi, að stofnað verði sérstakt prófessorsembætti í lífeðlis- og lífefnafræði ásamt rannsóknarstofu í líffæra- og lífeðlisfræði. Embætti þetta veitist þó eigi fyrr en frá 15. september 1956 að telja, svo að þeim, sem við starfinu tekur, veitist tóm til að búa sig sem best undir það.

Hér fer á eftir greinargerð prófessorsins í líffæra- og lífeðlisfræði um málið: „Þegar núverandi prófessor í líffæra- og lífeðlisfræði tók við kennslu 1937, voru kenndar 10 stundir á viku í þessum greinum. Þá var engin kennsla í lífefnafræði og engin veruleg kennsla í lífeðlisfræði. Nemendafjöldi í læknadeild hafði þá undanfarin 5 ár (1932—37) verið að meðaltali 69, þar af 40—50 í fyrsta hluta, og að jafnaði innrituðust í deildina 16 á ári á þessum árum.

Nú er kennslan í líffæra-, lífeðlis- og lífefnafræði samtals 19 stundir á viku og nemendafjöldinn í fyrsta hluta læknadeildar hefur undanfarandi ár verið um 150 og árlega ritast nú inn í deildina 40—50 nemendur.

Líffærafræði ásamt vefjafræði og fósturfræði annars vegar og lífeðlis- og lífefnafræði hins vegar eru hvort um sig það stórar fræðigreinar, að fullkomið starf er að kenna og halda sér við í einu þeirra. Enda þekki ég engan háskóla annan en okkar, sem ekki hefur aðalkennara í hverju þessara faga, auk eins eða fleiri aðstoðarkennara eftir nemendafjölda. Víðast á Norðurlöndunum eru fjórir prófessorar í þessum fögum. Hér við bætist svo, að kennarinn í líffærafræði þarf að halda við og auka líffærasafn deildarinnar. Það þarf naumast að taka það fram, að stundirnar, sem aflögu verða til að sinna safninu, eru allt of fáar fyrir jafn nauðsynlegt kennslutæki og það er.

Af ofansögðu má ljóst vera, að það er ofvaxið einum manni að hafa á hendi munnlega og verklega kennslu 150 nemenda í þrem aðalfögum, og mun enginn kennari háskólans kenna jafnmargar stundir á viku og kennarinn í líffæra- og lífeðlisfræði. Við flesta háskóla er 4—6 stunda kennsla á viku talinn hæfilegur kennslustundafjöldi, og á það einnig við um meiri hluta kennara við Háskóla Íslands.

Til þess að kennsla í þeim greinum, er hér um ræðir, geti talizt viðunandi, er nauðsynlegt, að vel búnar rannsóknarstofur fylgi kennslustólnum, svo kennarinn geti gefið sig að sjálfstæðum rannsóknum og veitt nemendum verklega tilsögn. Nú er alls staðar lögð mjög mikil áherzla á verklega kennslu í læknisfræði, en þar sem hún er mun kostnaðarmeiri en sú munnlega, hefur verklega kennslan átt erfitt uppdráttar við Háskóla Íslands. Ef svo á að vera áfram, þá mun kennsla læknanema við Háskóla Íslands dragast hröðum skrefum aftur úr því, er kennt er við aðra háskóla, og getur hver og einn gert sér í hugarlund hverjar afleiðingarnar verða.

Þegar ég tók við kennslu í Háskóla Íslands, voru aðeins til hin nauðsynlegustu tæki til líkskurðar og vefjarannsókna, en þau síðast töldu hafði Lárus Einarsson útvegað frá Rockefellerstofnuninni. Engin tæki voru til viðvíkjandi lífeðlisfræði og lífefnafræði og ekkert fé var veitt á fjárlögum til verklegrar kennslu í þessum greinum.

Mitt fyrsta verk var því að skýra þáverandi kennslumálaráðherra frá því, að ég álití það ekki forsvaranlegt að kenna það, sem mér væri ætlað, án þess að styðjast við verklegar æfingar, og sjálfur yrði ég að hafa aðstöðu til sjálfstæðra rannsókna auk þess, sem ég yrði að lifa. Til þess að leysa ofantalin vandamál ríkinu að sem kostnaðarminnstu taldi ég álitlegast að setja á stofn rannsóknarstofu, sem jafnframt því að veita nemendum verklega kennslu, tæki að sér vandameiri rannsóknir fyrir lækna og sjúkrahús.

Á þetta sjónarmið féllst ráðherra og fékk mér til umráða húsnæði í Kirkjustræti 12, 6000 kr. til áhaldakaupa (á fjárlögum 1938) og 4500 kr. í árlegan rekstrar-kostnað.

Það var sýnilegt að tækin, sem fengust fyrir þetta fé, myndu allsendis ófullnægjandi og sótti ég því þegar á árinu 1938 um styrk frá Rockefellerstofnuninni til þess að búa tækjum fyrirhugaða rannsóknarstofu í hinum nýju hilylum Há-

skóla Íslands, er þá var í smíðum. Þessi styrkur fékkst þó ekki fyrr en á árinu 1942, að Rockefellerstofnunin veitti Háskóla Íslands 15000 \$ til þessara þarfa.

Starfsemi rannsóknarstofu Háskóla Íslands í líffæra- og lífeðlisfræði hefur jafnt og þétt aukizt, svo að nú starfa við hana, auk kennara í líffæra- og lífeðlisfræði, einn sérmenntaður læknir, sem jafnframt aðstoðar við verklegu kennsluna og tvær sérmenntaðar stúlkur. Á fjárlögum 1943 var veitt til rannsóknarstofunnar 11000 kr., og árið 1950 var þessi fjárveiting komin upp í kr. 22557.50, en á því ári barst rektor háskólans bréf frá kennslumálaráðuneytinu þess efnis, að reynt yrði að draga úr útgjöldum Háskóla Íslands eftir mætti, því nú stæði til að draga úr útgjöldum ríkisins á öllum sviðum. Árangurinn af þessu bréfi var sá, að síðan hefur fjárveitingin til rannsóknarstofunnar horfið af fjárlögum, en þrátt fyrir það hefur hin sama verklega kennsla í líffæra- og lífeðlisfræði farið fram.

Það er augljóst mál, að jafnþýðingarmikill þáttur í kennslunni og verklega kennslan og aðstaða kennara til sjálfstæðra rannsókna er, getur ekki átt tilveru sína undir því, að kennarinn reki rannsóknarstofuna á eigin áhættu og kosti eigin rannsóknir og verklega kennslu að verulegu leyti.

Tekjur rannsóknarstofunnar, sem aðallega eru frá Tryggingastofnun ríkisins vegna rannsókna fyrir sjúkrasamlögin í landinu og að litlu leyti frá sjúkrahúsum, numu á síðastliðnu ári líðlega 182000.00 kr. og kostnaðurinn varð 138000 kr. Hér við er það að athuga, að er hinn fyrirhugaði prófessor í lífeðlis- og lífefnafræði tekur til starfa, má gera ráð fyrir auknum tekjum vegna fjölbreyttari rannsókna og þeirri árlegu aukningu á aðsókn að rannsóknarstofunni, er hefur verið til þessa.

Eðlilegast finnst mér, að sjúkrarannsóknirnar greiddu allan kostnað utan húsnæðis, ljóss og ræstingar, nýrra áhalds og viðhalds þeirra og venjulegra launa þeirra tveggja prófessora er starfa við rannsóknarstofuna, en væntanlega yrði þetta reglugerðaratriði.

Aukin árleg útgjöld ríkissjóðs frá því sem nú er, yrðu þá laun eins prófessors auk áhalds og viðhalds þeirra. Að lokum vil ég leggja áherzlu á, að með þessari tilhögun nýtist bezt fagþekking og áhaldakostur jafnt í þágu háskólans sem Tryggingastofnunar ríkisins og af þeim ástæðum jafnframt ódýrasta lausnin á þörfum beggja aðila.“